



IOTA Fundargerð

Fundur haldinn í leikskólanum Eyrarskjól á Ísafirði 11. febrúar 2020 kl. 18:30.

1. Fundur settur með því að kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Nafnakall: kveðjur komu frá Aðalbjörgu, Bryndísi Gunnars, Bryndísi Birgis, Eddu Kristmunds, Heiðrúnu Tryggva, Hildi Halldórs, Hlíf Guðmunds og Jónu Símoníu.
3. Orð til umhugsunar: Helga Björk Jóhannsdóttir kynnti fyrir okkur bókina Ómetanlegt eftir Eyglóu Egilsdóttur, bókina skrifaði Eygló í minningu um vinkonu sína. Í bókinni er að finna leiðir hvernig hægt er að koma núvitund inn í daglegt líf, en í bókinni eru jóga og núvitundaræfingar. Sagði Helga ómetanlegt að hafa þessa bók við höndina í dagsins önn og amstri og liti hún oft í hana.
4. Fundargerð síðasta fundar: Það var hinn árlegi bókarfundur sem haldinn var á heimili Barböru. Barbara var handleggsbrotinn er tók ekki annað í mál en að taka á móti okkur og naut hún diggrar aðstoðar frá Einari eignmanni sínum og Bjarneyju mágkonu sinni. Bestu þakkir og góðar kveðjur til þeirra. Boðið var upp á dýrindis fiskisúpu, brauð, kaffi og sætt með. Heppnaðist fundurinn með ágætum og margar bækur kynntar. Að sjálfsgöðu var bókalisti gerður og hann settur á síðuna okkar.
5. Fréttir og tilkynningar: Fluttar voru fréttir frá landsforseta, sagt frá fréttabréfinu, félagatalið áréttað, aðeins minnst á lagabreytingar, minnt á vorfundinn í Borgarnesi 9. maí, aðalfundur verður í apríl og þá þarf að vera búið að leggja drög að stjórn, Bjarney, Olga og Arna tóku að sér að vera í uppstillingarnefnd. Jónína Hrönn Símonardóttir var gestur fundarins og verður hún tekin inn í deildina okkar á næsta fundi.
6. Andrea og Jóna Símonía sáu um matarmál. Buðu þær upp á einstaklega góðan grænmetisrétt, heimabakað brauð, kaffi og sætt.
7. Erindi: Jóna Benediktsdóttir sagði okkur frá einstaklega færðandi og skemmtilegum ferðum hennar til höfðustöðva Delta – Kappa – Gamma í Austin í Texas og þátttöku sinni í starfi samtakanna. Jóna hefur farið þrisvar sinnum til Austin. Hún sótti um í Golden Gift sjóðinn til að taka þátt í námskeiði sem tók tvær vikur – unnið var frá átta á morgnana til sjö á kvöldin, námskeiðið var frábært og mikil áskorun en að sama skapi

skemmtilegt og lærdómsríkt. Mesta áskorunin fyrir ferðina var að þurfa að deila herbergi með bláókunnri manneskju en það reyndist auðvelt þegar á hólminn var komið, enda mjög heppinn með herbergisfélagi. Í framhaldi af námskeiðinu fór Jóna á alþjóðaráðstefnu og gist þá ein í herbergi. Það kom fram hjá Jónu að þótt að íslensku deildirnar séu fámennar þá hafa konurnar margt að miðla. Konur ganga um aðalstöðvarnar af lotningu og virðingu. Sjö til átta manns vinnur í höfuðstöðvunum, sjá um allt utanumhald, peningamálin, starfið og útgáfur. Jóna var beðin um að taka þátt í Golden Gift nefndinni þar er mikið starf framundan m.a. við að endurskoða námskeiðið sem hún tók þátt í, leggja til breytingar t.d. að stytta það, breyta umsóknarferlinu, fara yfir umsóknir og margt fleira. Að lokum hvatti Jóna konur til að gefa kost á sér í alþjóðanefndir er þær hefðu einhver tæk á.

8. Helga Björk leikskólastjóri sýndi okkur skólann og kynnti starfið lítillega.
9. Fundi slitið kl.20:30 með því að slökkt var á kertunum og konum þakkað fyrir fundinn. Næsti fundur verður í Súðavík 11. mars, Vilborg Ása verður með orð til umhugsunar, fundarefni Kona kynnir sig, Anna Lind og Bryndís Friðgeirs sjá um matarmál. 16 konur sátu fundinn.

Steinunn ritaði fundargerð